

81
26. júní

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímamann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar (nú allar stöðvar utan Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Akureyrar), sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 1500.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	— 800.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 300.00
4. — tengil	— 300.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsima, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrir fram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Árlegt afnotagjald.

I. 3. flokks stöðvar.

Á 3. flokks stöðvum er afnotagjaldið fyrir 1 línu með 1 talfæri kr. 720.00.

II. Aðrar stöðvar, sem hafa færri en 150 notendur.

1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	kr. 1200.00
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	— 560.00
3. — aukatalfæri í öðru húsi	— 900.00
(þegar stutt er á milli (minni en 100 m), ef leyft verður.)	
4. — vanalega aukabjöllu í sama húsi (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 70.00
5. — tengil með rafvökum	— 120.00

Heimili póst- og símamálastjórnin að 1. fl. B stöð sé opin lengur en hinn venjulega rekstrartíma, greiði hreppsfélagið helming aukinnar starfsmannabókunnar, eða þar sem hagkvæmara þykir, greiði notendur aukaafnotagjald 10% fyrir tímann 8:30—23:00 og 5% fyrir tímann 8:30—20:00.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í 2., 3., 4. og 5. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

III. Stöðvar, sem hafa 150 notendur eða fleiri.	Stöðin opin		Allan sólar- hringinn	81 26. júní
	kl. 8—21	8—24		
1. Fyrir 1 línu með 1 talfæri	1200.00	1320.00	1440.00	
2. — hvert aukatalfæri í sama húsi	600.00	680.00	720.00	
3. — aukatalfæri í öðru húsi	960.00	980.00	1000.00	
(minnst 100 m fjarlægð, ef leyft verður.)				
4. — aukabjöllu og tengla eru gjöldin hin sömu og við stöðvar með færri en 150 notendum. (Sjá B. II, 4.—5. lið.)				

Gjöld þau, sem talin eru í 2., 3. og 4. lið undir B II og B III, gilda því aðeins, að aukaáhöldin séu hjá rétthafa símans.

IV. Almenn ákvæði.

Þar, sem póst- og símamálastjórnin telur nauðsynlegt að hafa 2 eða fleiri sjálf-stæða aðila með síma á sömu línu, skal veita afslátt af ofan nefndum afnotagjöldum fyrir 1 línu með 1 talfæri, er nemur 20%, ef um 2 aðila er að ræða, en 40%, ef aðilar á línunni eru fleiri en 2.

Ofan nefnd afnotagjöld fyrir 1 línu með 1 talfæri og fyrir aukatalfæri hækka um 50% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum mönnum, sem að áliti símstjóra nota símann sérstaklega mikið.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Afnotagjöld fyrir miðstöðvarborð og tilheyrandi lagnir, svo og annan síma-búnað en að framan greinir, eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Gjald fyrir flutning á talsímataækjum.

1. Milli húsa við sömu símstöð, fyrir hvert talfæri með línu kr. 720.00
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Milli herbergja — 300.00
 - b. Í sama herbergi — 150.00

Ofan nefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjöld greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 400.00.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

81

E. Tengigjald.

26. júní Fyrir hvert talsímaáhalð á einkalínu, sem stendur í sambandi við landssíma-
stöð, greiðist tengigjald kr. 440.00 á ári í kaugtúnun og kr. 300.00 í sveitun, þar sem
fleiri en einn eru á sömu línu.

F. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar stöðvar (nú í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri).

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með talfæri	kr. 2250.00
2. — 1 aukatalfæri í sama húsi með snara án bjöllu (ekki hægt að tala á milli)	— 700.00
3. — 1 aukatalfæri í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 900.00
4. — 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstaklega útbúnum símunum .	— 1125.00
5. — aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 300.00
6. — tengil	— 300.00

Stofngjöld fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símaþúnaðar en að framan greinir.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkunum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — jafnaði helmingur, — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsfrankvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.

B. Afnotagjald.

Afnotagjöldin greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og miðast þau að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði lengra fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

1. Ársfjórðungsgjöldin eru þessi eftir útförnum samtalfjölda á hverri línu, eins og teljarar í stöðinni sýna: 81
26. júní

- a. Fyrir heimilissíma kr. 360.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 55 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.
- b. Fyrir verzlunar- og atvinnusíma kr. 580.00, þar í innifalin 700 samtöl, og 55 aurar fyrir hvert samtöl þar fram yfir.

Hjá notendum, sem hafa 2 eða fleiri línur í miðstöðvarborðsreit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalfjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í miðstöðvarborðsreit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem símstjóri ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símastöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða að loka sínum þeirra um stundarsakir, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

Sé lína einhvers notanda oft á tali að dómi símstjóra, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn bæti við sig línu.

Samtöl milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar (eða Hf. og R.) geta varað allt að 5 mínútum og teljast sem 3 innanbæjarsamtöl.

Notendur mega ekki selja afnot af sínum þeim, er þeir hafa, án sérstaks leyfis frá símstjóranum, sem ákveður gjaldið.

2. Ársfjórðungsgjald.

Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi með snara, án bjöllu (ekki hægt að

— tala á milli)	kr. 70.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með snara (hægt að tala á milli)	— 120.00
— 1 aukatalfæri í sama húsi með sérstökum sínum (hægt að tala á milli)	— 140.00
— 1 tengil	— 12.00
— aukabjöllu (þó hærra gjald á rökum stöðum)	— 18.00

3. Afnotagjöld fyrir þá notendur, sem hafa miðstöðvarborð, reiknast ársfjórðungslega þannig:

a. Línugjald eftir samtalfjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.

b. Miðstöðvarborðsgjald fyrir hvert númer í borðinu:

kr. 36.00 fyrir handvirk borð (CB).

— 72.00 fyrir sjálfvirk borð (PBAX).

Gjöld þessi eru miðuð við venjulega gerð miðstöðvarborða.

Fyrir sérstakar gerðir fer eftir samningi í hvert skipti.

c. Talfæragjald: kr. 100.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.

Afnotagjöld þau, sem talin eru í B. 1., 2. og 3. lið hér að framan, gilda því aðeins, að sami maður eða sama fyrirtæki hafi öll áhöldin.

4. Afnotagjöld fyrir önnur tæki, línur og sérbúnað en að framan greinir, verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

81

26. júní

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa, fyrir hvert talfæri kr. 1125.00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í.)
2. Innanhúss, á aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Milli herbergja — 300.00
 - b. Í sama herbergi — 150.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman innanhússflutning að ræða, eða önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist kostnaðurinn samkvæmt reikningi.

Flutningsgjald miðast við sama svæði og stofngjöldin, en þegar farið er út fyrir svæðið, bætist aukagjald við, sem verður ákveðið í hvert skipti.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhúslögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið niður í allt að kr. 400.00, ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 800.00, ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald.

Flytji einhver í hús og taki við síma af öðrum manni án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leigutími og uppsögn.

1. Skemmsti leigutími talsímatækja er 12 mánuðir og telst frá byrjun næsta mánaðar frá þeim tíma, sem landssíminn er reiðubúinn að koma símasambandi á. Að skemmsta leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna.

III. KAFLI

Notendasímar landssímans í sveitum.

Um notendasíma landssímans í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1. Stofngjald fyrir hvern síma er kr. 1300.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveðst stofngjaldið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
2. Landssíminn viðheldur og rekur símana, en símanotendur greiði til landssímans árlegt afnotagjald sem hér segir:

Fyrir hvern síma í sambandi við:

3. fl. landssímastöð	kr. 360.00
2. fl.	— — 540.00
1. fl. B.	— — 660.00
1. fl. A.	— — 720.00

3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða til landssímans.

4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi. Þegar um 81 flutning vegna nýbyggingar er að ræða, getur þó komið til mála, að landssíminn 26. júní beri nokkurn hluta kostnaðarins.
5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka símann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur byggð eða ábúendaskipti verði.
6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips-hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
7. Símanotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símatækja og starfrækslu notendasíma.
8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
9. Stofngjöld greiðist fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjöld greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjald-dagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.
Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaupúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, ípróttaskálum, héraðsskólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrek-endum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv. samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Radíótæki.

A. Almenn ákvæði.

1. Hver, sem óskar að starfrækja radiótæki, skal senda póst- og símamálastjórn-inni umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá ríkisútvarpinu.
Verði leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem m. a. er tekið fram, hve lengi leyfið gildi og hin sérstöku skilyrði, sem sett eru fyrir leyfinu.
Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða kr. 200.00, ef það felur í sér senditæki með 100 watta afli í loftneti eða meira, en kr. 100.00, ef aflið er minna. Fyrir önnur leyfisbréf, sem ekki fela í sér senditæki, skal greiða kr. 25.00 í leyfisbréfastgjöld.
2. Landssíminn sér um eftirlit með notkun tækjanna og lætur að jafnaði skoða þau einu sinni á ári. Fyrir þetta skal greiða árlegt eftirlitsgjald, sem er kr. 600.00 fyrir stöð með senditæki yfir 100 wött í loftneti, kr. 300.00 fyrir senditæki með 20—100 watta afli og kr. 100.00 fyrir minni senditæki.
3. Ef leyfi er veitt til þess að starfrækja radióstöð á landi má krefjast sérstaks viðskiptagjalds, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.
4. Þegar um senditæki er að ræða, er að jafnaði aðeins veitt leyfi til starfrækslu tækja, sem landssíminn á, en lætur á leigu til starfrækjanda. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur póst- og símamálastjórnin þó heimilað, að starfrækjandi eigi tækin gegn sérstökum skilyrðum.

B. Radiótæki á leigu.

a. Farstöðvar.

1. Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að taka á leigu loftskæptastöð eða talstöð í íslenskt skip, sendi skriflega umsókn um það til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skirteini.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem eru til leigu á hverjum tíma og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign landssímans, og leigir hann skipseiganda þau til afnota í skipinu. Landssíminn annast uppsetningu tækjanna, sem skipseigandi greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmiðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki kaupa rafgeyma, rafhlöður og hleðsluspjöld fyrir stöðina og kosta lögn frá rafgeymum til hleðsluspjalda.
3. Leigutaka ber að sjá um, að enginn starfræki stöðina nema sá, sem hefur fengið skirteini frá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum að gæta slíkrar stöðvar (skirteini loftskæptamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón skipstjóra, sem líti eftir, að stöðin sé vel með farin og geymd.
4. Bæði stöðvarverði og skipstjóra er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana úr skipinu.
5. Landssíminn annast viðhald vegna eðlilegs slits sendi- og viðtækja, að undanskildu viðhaldi loftneta, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar, straumbreytis og lampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhvirðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans.
6. Óski leigutaki, að viðgerðarvinna fari fram utan venjulegs dagvinnutíma, ber hann aukakostnað vegna þess.
7. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera vátryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárens, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast vátryggingu tækjanna í skipum og bátum öðrum en farþega- og varðskipum og/eða vöruflutningaskipum stærri en 500 rúmlesta, enda skal leigutaki sjálfur annast vátryggingu tækjanna í þeim skipum. Vátryggingariðgjöld fyrir tæki, sem landssíminn annast vátryggingu á, skal leigutaki greiða landssímanum samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.
8. Leigutaki er skyldur að koma tækjunum til skoðunar til eftirlitsmanna landssímans í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á ári, eða annars staðar, ef það verður að samkomulagi. Gjaldið fyrir hina árlegu stöðvarskoðun er innifalið í leiguupphæðinni.
9. Leigutaki skal greiða stofngjald fyrir radiótækin áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og vátryggingariðgjald til næsta gjalddaga. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, og reiknast brot úr ári sem heilt ár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur. Leiga og vátryggingariðgjald fyrir loftskæptastöðvar greiðist ársfjórðungslega fyrir fram, og reiknast brot úr ársfjórðungi sem heill ársfjórðungur. Minnsti leigutími er 2 ár samfleytt fyrir stöðvar 20 watta eða minni, en 3 ár fyrir stærri stöðvar.

Sé ársleiga og vátryggingariðgjöld ekki greidd fyrir 1. apríl og ársfjórðungsleiga og vátryggingariðgjöld ekki fyrir 15. hvers fyrsta ársfjórðungsmán-

aðar, getur landssíminn lokað senditækjunum þannig, að aðeins megi nota þau 81
 í neyð. Verði þrátt fyrir það leiga og váttryggingariðgjöld ekki greidd innan 26. júní
 eins mánaðar þar á eftir, getur landssíminn tekið hin leigðu tæki úr skipinu. Sama gildir, ef reikningar fyrir uppsetningu og aðgerðir á radióbúnaði í skipum, sem framkvæmdar eru af landssímanum, eru ekki greiddar innan eins mánaðar eftir að aðgerð fór fram. Fyrir endurofnun innsiglið greiðist opnunargjald kr. 100.00, og fyrir að flytja stöðina aftur í skipið greiðist raunverulegur kostnaður, þó minnst kr. 100.00. Heimilt er að innheimta nefnd talstöðva- og loftskeyta-stöðvagjöld með símareikningum hlutaðeigandi aðila að viðlagðri lokun símans.

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir aðrar gerðir radiótækja ákveður póst- og símamálastjórnin í hvert skipti.

Að þeim tíma liðnum er uppsagnarfrestur á leigunni 3 mánuðir, og ber leigutaki ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn. Þó má stytta þennan minnsta leigutíma, er nýr eigandi verður að skipinu innan tveggja ára, sem óskar að tækin verði þar áfram með honum sem leigutaka. Hinn nýi leigutaki fær þá helmings afslátt frá venjulegu stofngjaldi, og nefnist gjaldið þá viðtökugjald.

10. Stöðvar þær og tæki, er landssíminn lætur á leigu, eru að sjálfsgöðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, er gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma, og getur landssíminn afturkallað leyfisbréf stöðvar, lokað henni og tekið úr skipinu, ef settar reglur eru ekki haldnar.
11. Sams konar reglur og fyrir stöðvar í skipum gilda um radiótæki í öðrum farartækjum.

b. Firðtalstöðvar á afskekktum stöðum.

1. Sá, sem óskar að taka á leigu firðtalstöð til afnota á afskekktum bæ, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar og tilgreini þar nauðsyn þess og aðrar aðstæður.
2. Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki með lömpum af þeirri gerð tækja, sem leigð eru á hverjum tíma. Leigutaki kostar uppsetningu tækjanna samkvæmt fyrirsögn landssímans, svo og uppsetningu loftnets og jarðsambands. Enn fremur skal leigutaki sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum og kosti rafhlöður, rafgeyma og hleðslubúnað þeirra.
3. Leigutaka eða þeim, sem á að starfrækja stöðina, er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu eftir fyrirmælum landssímans og hlíta þeim ákvæðum og reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða, um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað starfræksluleyfi stöðvarinnar, lokað henni eða tekið hana burtu.
4. Leigutaka ber að sjá um, að vel sé með stöðina farið og henni haldið þurri og hreinni.
5. Landssíminn ber kostnað af viðgerðarvinnu og efni til stöðvarinnar vegna eðlilegs slits, að undanskildu viðhaldi loftnets, rafgeyma, rafhlaðna, hleðslubúnaðar og viðtökulampa, en kostnað af því ber leigutaki. Leigutaki ber og kostnað af viðgerðum og hreinsun tækjanna, er stafar af slæmri meðferð eða vanhírðu þeirra, meðan þau eru í vörzlu hans, svo og ferðalagi viðgerðarmans, ef viðgerðar er þörf.
6. Öll radiótæki á leigu frá landssímanum skulu vera váttryggð á kostnað leigutaka gegn hvers konar tjóni og á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir. Landssíminn annast tryggingu tækjanna, enda greiði leigutaki landssímanum váttryggingariðgjöld samtímis leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og leigunni.

- 81 7. Firðtalstöð leigutaka skal afgreiða einungis við þá eða þær talstöðvar landssímans, sem póst- og símamálastjórnin ákveður og á þeim stöðum, sem póst- og símamálastjórnin tiltekur, og má ekki, — nema um neyðarráðstöfun sé að ræða, — hafa viðskipti við aðrar stöðvar, hvort heldur fastastöðvar eða farstöðvar.
26. júní 8. Gjöld fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka og þeirrar stöðvar landssímans, sem afgreitt er við, eru þau sömu og gilda fyrir talsímanotanda frá sömu landssímastöð.

Gjöldin fyrir símtöl og símskeyti, sem afgreidd eru milli stöðvar leigutaka, annarra en leigutaka á afskekktum sveitabýlum, og þeirrar stöðvar, sem afgreitt er við, ákveður póst- og símamálastjórnin hverju sinni.

9. Ársleiga greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir 1. apríl ár hvert. Minnsti leigutími er 2 ár.

c. Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir.

Stofngjöld, leiga og váttryggingarupphæðir fyrir helztu gerðir radiótækja eru sem hér segir, nema öðruvísi sé um samið:

Gerð		Stofngjald kr.	Ársleiga kr.	Váttryggingarupphæð kr.
A-190	Loftskeyta- og talstöð	25 000	15 000	115 000
ART-13	Loftskeyta- og talstöð	5 000	4 000	25 000
E	Talsendir	2 000	1 200	9 500
F	Talsendir	1 500	1 000	7 500
FF-3	Talsendir og viðtæki		2 500	12 500
FLB	Talsendir og viðtæki	900	600	4 500
FO	Talsendir og viðtæki	1 600	1 200	8 000
GV	Talsendir	1 200	800	6 000
GVA	Talsendir	1 500	1 000	7 500
GVV	Talsendir og viðtæki	1 500	1 000	8 000
H-45	Talsendir	3 500	2 400	17 000
H-100	Talsendir	6 500	5 000	32 000
B-236	Viðtæki	1 200	800	6 000
B-285-K1	Viðtæki	2 000	1 500	11 000
B-285-S	Viðtæki	2 000	1 000	9 500
VE	Viðtæki	1 000	650	5 000
VES	Viðtæki	1 500	1 100	8 000
VF	Viðtæki	800	500	3 800
VF-1	Viðtæki	800	600	4 300
VFS	Viðtæki	1 200	800	6 000
VK	Viðtæki	600	480	3 000
236/VEM-2	Miðunarstöð	2 500	1 800	12 500
VEM-1	Miðunarbúnaður	400	300	2 200
VEM-2	Miðunarbúnaður	1 200	800	6 000
VFF	Miðunarbúnaður	300	240	1 600
L-1	Lorantæki	6 000	1 800	17 000
V1	Straumbreytir	360	300	1 800
VA	Straumbreytir	500	440	2 700
VR	Straumbreytir	500	440	2 700
V-220	Straumbreytir	300	300	1 800
V-220/20	Straumbreytir	400	360	2 200
	Stýritafla I	1 100	880	5 300
	Stýritafla II	1 300	1 040	6 500

Gerð		Stofn- gjald kr.	Árs- leiga kr.	Vátrygg- ingarupphæð kr.	81 26. júní
	Stýritafla III	700	560	3 500	
EOK-15	Mótorrafall	700	560	3 500	
	Talbrú	1 300	1 040	6 500	

Þegar um er að ræða bæi, sem teljast til þess flokks, er um getur í III. kafla 10, lækkar stofngjald og leiga niður í sömu upphæð og greitt er fyrir notendasíma í sveitum.

V. KAFLI Símtalagjöld.

A. Símtalagjöld innanlands

eru sem hér segir fyrir hvert 3 mínútna viðtalsbil. Hvert byrjað viðtalsbil telst sem heilt.

1. Venjuleg símtöl:

Um	0— 25 km línulengd	kr.	6.00
—	25—100 — —	—	8.00
—	100—225 — —	—	12.00
—	225—350 — —	—	14.00
	Yfir 350 — —	—	17.00

Þegar línulengd milli símstöðva er innan 6 km, getur póst- og símamála-stjórnin þó, þegar línukerfið leyfir og aðstæður eru hagstæðar, sett sérstaka gjaldskrá með lægra viðtalsbilagjaldi en að ofan greinir fyrir símtöl milli þessara stöðva, eða látið vissan fjölda viðtalsbila milli stöðvanna vera fólgin í tilteknu fastagjaldi símanotenda.

Ofanefnd símtalagjöld gilda ekki, þegar um alveg sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið, hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva símtöl.

- Hraðsímtöl: þrefalt venjulegt símtalagjald.
- Forgangshraðsímtöl: tífalt venjulegt símtalagjald.
- Kvaðning: kr. 2.00.
- Boðsending: kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra út frá símastöðinni. Boðsendingargjaldið greiðist, hvort sem nokkuð verður úr símtalinu eða ekki.

B. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

fara eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar er fyrir íslensk skip samanlagt:

- Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst 6.00 krónur fyrir viðtalsbilið.
- Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- Skipsgjald. Engin önnur íslensk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið. Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

VI. KAFLI Símskeytagjöld.

A. Gjald fyrir innanlandsskeyti

er sem hér segir:

1. Venjuleg símskeyti: 100 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 10.00.
2. Innanbæjarskeyti: 60 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 6.00.
3. Blaðaskeyti: 15 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 4.50.
4. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 20.00.
5. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
6. Símapóstávisanir: Gjald kr. 18.00 án tillits til orðafjölda.
7. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist aukagjald fyrir skrauteyðublöð, kr. 10—12.00, eftir gerð eyðublaðsins.
Jóla- og nýjársskeyti með ákveðnum textum kosta kr. 18.00 milli stöðva, en innanbæjar kr. 12.00.
8. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskorin til Landsspítalásjóðs.
9. Loftskreyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskreyti og talskeyti um íslenskar strandarstöðvar við íslenskt skip er samanlagt:
 - a. Venjulegt símskeytagjald innanlands.
 - b. Strandargjald, 75 aurar fyrir orðið. (Strandargjald við erlend skip er 0.60 gullfrankar.)
 - c. Skipsgjald. Engin önnur íslenskt skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er 20 aurar fyrir orðið. Erlend skip taka yfirleitt 10 til 40 gullcentimes skipsgjald fyrir orðið.
- Fyrir loftskreyti er ekkert ákveðið lágmarksgjald.
10. Afhending símskeyta í talsíma til eða frá talsímanotanda kostar kr. 2.50 fyrir hver 100 orð eða færri, þó nær þetta ákvæði ekki til einkasíma í sveitum.
11. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 1.50, ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
12. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru send ókeypis allt að 1 kílómetra frá símastöð. Ef símskeyti eiga að sendast lengra, skal greiða kr. 7.00 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegt burðargjald, er ákveðið verður í hvert skipti.
13. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tilkalla jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
14. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 4.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 2.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símastöðvar.
15. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
16. Viðtökuskirteini símléiðis (PC): Gjaldið er sama og fyrir 6 orða símskeyti í viðskiptum við útlönd og 10 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskirteini, sem sendast á í pósti (PCP), er gjaldið sama og pósthurðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VII. KAFLI

81

Afnót landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

26. júní

1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{4}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil. Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá landssímans (sbr. V. kafla).
2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

VIII. KAFLI

Önnur tæki og línur.

A. Fjarritvélar.

- I. Stofngjald.

Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu	kr. 6000.00
--	-------------
- II. Árlegt afnotagjald.

Fyrir hverja fjarritvél (nr. 15) án línu:	
a. Vélin notuð venjulegan skrifstofutíma	— 7000.00
(Viðhald innifalið.)	
b. Vélin notuð allan sólarhringinn	— 4800.00
(Að viðbættu viðhaldi eftir reikningi.)	

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulega gerð fjarritvéla (gerð nr. 15). Í afnotagjöldunum er fólgin váttrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjöld og afnotagjöld fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Styzi leigutími er eitt ár. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

Fyrir utanhúslínur milli fjarritvéla greiðast gjöld samkvæmt kafla B hér á eftir. Fyrir innanhúslagnir og flutninga greiðist stofngjald og afnotagjald eins og fyrir tengla.

B. Línur.

Séu línur látnar á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleiga á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.6—0.7 mm kr. 120.00 pr. km.
2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm — 180.00 — —
3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm — 240.00 — —
4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er .. — 180.00 — —

Skemmstur leigutími sé ákveðinn með samningum í hvert skipti, en uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

IX. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðist kr. 200.00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 40.00 fyrir hverja skrásetningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfræstur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 30.00. Sé auk aðalsímanotanda einn eða fleiri aukantendur að sama síma, ber að greiða kr. 70.00 fyrir hvern aukantanda. Aukasímanotendur geta ekki öðlazzt aðalsímanotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímanotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

Skrásetning í stafrófsskrána.

1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 50.00
2. Aukanafn í skrá	— 70.00
3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 30.00
4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 70.00 + 50.00 =	— 120.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímanotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímanotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 70.00 sem aukanafn.

Skrásetning í atvinnuskrána.

A. Ókeypis skrásetning.

Hver símanotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skrásetningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímanotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

B. Skrásetning gegn borgun.

Ef símanotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 20.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 30.00. Auglýsingalína kostar kr. 25.00.

XI. KAFLI
Almennir skilmálar.

81
26. júní

1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða fá breytt sambandi eða aukið samband, er hann hefur áður fengið, tilkynni það forstjóra símastöðvarinnar, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símanna.
2. Landssíminn kemur venjulega ekki á símasambandi við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símataækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fái. Landssíminn getur og krafist, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símastöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur landssíminn því rofið innanbæjarsímtöl vegna afgreiðslu langlínusímtala, ef þörf krefur.
4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma-búnað úr stað. Öll slík verk lætur landssíminn framkvæma eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign landssímans, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn landssímans hafa hvenær sem er aðgang að öllum símataækjum og símalögnum.
5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símataeki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu slitni. Notanda er enn fremur skylt að hafa símataeki og innanhússlagnir váttryggð á sinn kostnað fyrir eldhættu, og ber honum að greiða landssímanum tryggingarupphæðina, ef tækin eða lagnir eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til váttryggingarfjárins. Váttryggingarupphæðin er kr. 1100.00 fyrir venjulegan síma, en fyrir önnur tæki verður hún ákveðin sérstaklega.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki landssímans, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur landssíminn að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum, ef ástæða þykir til. Enn fremur er bannað án sérstaks leyfis frá landssímanum að láta aðra en landssímamann annast sóttþreinsun talfæra.
6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það símastjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Landssíminn ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
7. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi landssímans. Sé það engu að síður gert, getur landssíminn slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt því upp.
8. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 1 ár eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leiguhafi vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði.

- 81** 9. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða tækjum
26. júní símans, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

A. Greiðsluskilmálar.

1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur landssímans greiðist landssímanum eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 daga eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða gjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið, að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og kostnað við lokun og enduroppnun, ef hún hefur ferðakostnað í för með sér. Séu símagjöldin eigi greidd á réttum tíma, verða þau tekin lögtaki samkvæmt 1. gr. laga 16. desember 1885.

B. Leigutími.

Engin símataeki verða leigð til skemmri tíma en eins árs, er telst frá byrjun næsta ársfjórðungs eftir að símasambandið er fullgert. Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur landssíminn krafizt, að skemmstur leigutími sé lengri.

C. Uppsögn.

Að skemmstum leigutíma liðnum má segja sambandinu upp um ársfjórðungamót með 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

D. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það símastjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

E. Símaskráin.

Landssíminn leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Landssíminn ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

XII. KAFLI

Ákvæði um stofnun og rekstur landssímastöðva, annarra en 1. fl. A. stöðva, og samband þeirra við talsímanotendur o. fl.

Þegar landssímastöðvar eru stofnsettar, gilda að jafnaði eftirfarandi ákvæði um rekstur þeirra:

1. Landssímastöðvum þeim, er hér um ræðir, er skipt í 3 flokka, 1. flokk B, 2. flokk og 3. flokk, og eru þær venjulega opnar eftir flokkum 10, 6 og 2 stundir hvern virkan dag.
2. Stöðvarstjórinn sér stöðinni fyrir húsnæði, ljósi, eldsneyti, ræstingu, nema öðruvísi sé um samið, svo og starfrækslu, er póst- og símamálastjórnin tekur gilda, enda sé leitað samþykkis hennar á ráðningu afgreiðslumanna.

3. Skuldbindingin um starfræksluna nær til allra þeirra símasambanda, er póst- og símamálastjórnin kann að leggja út frá símastöðinni. 81
26. júní
4. Stöðvarstjórar eru skyldir til, þegar þess er krafizt, að fara sjálfir eða láta fara með símalínunum til að bæta skemmdir, er orðið hafa á þeim, gegn venjulegu tímakaupi.
5. Kostnaður við flutning stöðvar verður því aðeins goldinn af landssímanum, að hann fari fram vegna landssímans sjálfs.
6. Stöðvarstjóra ber að senda símskeyti, sem berast til stöðvarinnar, án sérstaks endurgjalds allt að einum kílómetra frá stöðinni. Ef skeyti eiga að fara lengra, greiðir sendandi kr. 7.00 fyrir hvern byrjaðan kílómetra fjarlægðarinnar. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 km, undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða hæfilegan burðareyri, sem ákveðinn er eftir fyrirspurn í hvert einstakt skipti. Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, ber stöðvarstjóra að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan hátt.
Ef senda þarf eftir mönnum til viðtals í talsíma innan eins kílómetra frá stöðinni, greiðir símtalsbeiðandi kr. 7.00 fyrir sendiferðina. Ef vegalengdin er meiri en 1 kílómetri, greiðist sama gjald og fyrir útburð símskeyta.
7. Ekki mega aðrir afgreiða símtöl eða símskeyti en þeir, er undirskrifað hafa hið lögboðna þagnarheit símamanna.
8. Stöðvarstjórar skulu mánaðarlega gera reikningsskil innan 15. dags næsta mánadag á eftir og að öðru leyti hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem póst- og símamálastjórnin setur.

Gjaldskrá þessi og reglur er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti, og gengur í gildi 1. júlí 1958. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir umframsímtöl aðeins af símtölum, sem fara fram 1. júlí 1958 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur frá 1. marz 1957.

Póst- og símamálaráðherrann, 26. júní 1958.

Eysteinn Jónsson.

G. Briem.